



Steinunn Sigurðardóttir


lúðrablastur sem boðið er upp á í tíma og ótíma.

Líkingamál Steinunnar Sigurðardóttur er yfirleitt spröttið beint úr umhverfi okkar. En í ljóðum hennar er áberandi þjóðsagna-kennt andrúmsloft, nægir að nefna ljóð eins og Úrræði álfanna, Hannyrðir og ýmis ljóð úr ljóðaflokkunum Dagar og svo framvegis og Úti og inni. Í því hvernig forn minni (einnig málfar) eru ofin saman við líðandi stund er Steinunn stundum á líkri bylgjulengd og Þorsteinn frá Hamri. En Steinunn er of mikið borgarborn til að geta tileinkað sér þennan tjáningarmáta.

Þótt í þessari stuttu umsögn hafi verið nefnd tvö önnur íslensk skáld má ekki skilja það svo að Steinunn sé ósjálfstæð í skáldskap sínum. Það er einmitt frumleikinn sem er einn helsti kostur ljóða hennar.

„Meistaraleg hótmyndni/ þá er um vér hressust“, stendur í sjötta ljóðinu í Úti og inni. Það er eitt þeirra ljóða um samband karls og konu þar sem ort er í senn af hispursleysi og myndvísi. Ekki skal spillt fyrir væntanlegum lesendum Steinunnar með því að fara að lýsa ljóðum eins og til dæmis Nýár (gleðilegt) og fleiri í líkum anda. Aсталjóð bókarrinnar eru að mínu mati merkilegur áfangi í skáldskap Steinunnar. Þar nýtur sín fyllilega leikandi hún skáldkonunnar.

að breyta heiminum eða hvetja til baráttu. Þó er í einu ljóða bókarrinnar, Fyrir þína hönd, sögð dapurleg saga ungrar og ófriðrar stúlku sem vinnur í frystihúsi og lífið er svo andstætt að eina vonin er líf að loknu þessu. En til þess að kynna sjónarmið hennar, draga upp mynd af þeim félagslega veruleik sem hún hrærist í, hefur önnur kona valist: „Ég er svo vitlaus/ að ég get ekki einu sinni skrifað þetta./ Það gerir kona útfæ. En hvað veit hún.“ Ég er ekki fjarri því að írónía af þessu tagi geti áorkað meiru en alls kyns



Frá kynningunni með pípulagningarmönnum í Reykjavík, en um 70 aðilar sóttu fundina. Lengst til hægri er Klaus Ernst Leinitz, verkfræðingur frá Frederich Grohe. Honum á hægri hönd er Ómar Kristjánsson frá Þýzk-íslenska verzlunarfélaginu.

Kynntu framleiðslu GROHE

FYRIRTEKIÐ Friedrich Grohe í Þýskalandi hefur í samvinnu við umbodsaðila sinn á Íslandi, Þýzk-íslenska verzlunarfélagið hf. staðið fyrir 10 kynningarfundum fyrir tækni- og sölufólk í framleiðslu sinni á s.l. tveimur árum. Um síðustu áramót voru 2412 hitastýritæki í notkun frá GROHE hér á landi, en hið þýzka fyrirtæki hefur gert rannsóknir á íslenska vatninu og tekið mið af þeim við framleiðslu á nýjum tækjum, sem sérstaklega eru

ætluð til sölu á íslenskum markaði.

Nýverið voru 4 slík námskeið haldin í Reykjavík og á Akureyri. Þar voru kynntar margar nýjar gerðir af blöndunar og hitastýritækjum, er taka þeim eldri fram um verð og gæði. Sérstaka athygli vöktu hitastýritæki með innbyggðum þrýstingum, en mismunandi þrýstingum hefur mjög truflandi áhrif á blöndun vatns, eins og kunnugt er. Þá kom það einnig mjög á óvart, á tímum

mikillar verðbólgu og orkuhækkanna, að flest nýju hitastýritækin eru um 20–30% ódýrari en hinar eldri gerðir. Þá voru einnig kynntar nýjar og fullkomnari tegundir af vatnsnuddtækjum, en þau hafa fengið góðar móttökur um alla Evrópu, segir í frétt frá Þýzk-íslenska verzlunarfélaginu. Milli 160–170 manns tækni- og sölufólk sóttu kynningarfundina að þessu sinni, en tilgangur þeirra er m.a. að auka á verkþekkingu þessa fólks.

sér þann veg, er liggur til hins fullkomna. Þetta hefur Karl Kvaran skilið og látið hræringar síðustu ára sem vind um eyru þjóta. Hann heldur öruggur sína leið og ræktar sinn garð að eigin geðþóttu. Eitt af séreinkennum verka Karls Kvarans er litameðferð hans. Hann hefur tamið sér sérlega hreina og sterka liti, sem hann síðan byggir frá í fljúgandi og heilleg form. Persónulega var ég hrifnastur af verkum á þessari sýningu, eins og DORIAN GREY No. 26 og Veikir tónar No. 30. Ég nefni aðeins þessi tvö verk, en þau eru algerar andstæður í eðli sínu og sýna vel þá breidd, sem felst í vinnubrögðum Karls Kvarans. Hann kann einnig þá kúnt að láta línuna verulega njóta sín í sveiflum, ef svo ber undir. Þar notar hann allt aðra myndbyggingu bæði í lit og formi en í þeim verkum, þar sem hann heldur sig við samanþjappaðra form. Það er yfirleitt mikill styrkur í þessum verkum, og ég fæ ekki betur séð en að Karl Kvaran sæki í sig veðrið ár frá ári, ef svo mætti að orði kveða. Þetta er mikil sýning og markar tímamót í listferli Karls Kvarans. Tvö önnur verk njóta sín sérlega vel á þessari sýningu og verð ég að benda á þau: Það eru Guðný, No. 6 og No. 7, í Gardasjó. Úrvals verk, þótt ekki takist mér að tengja titlana við sjálf verkin. En hvenær hefur maður allt á reiðum hönd um? Hvað sem því líður eru eins og áður segir bæði þessi verk með því besta á þessari sýningu.

Það væri efalaust hægt að skrifa langt og mikið mál um list Karls Kvarans, en ég held, að engum sé greiði gerður með slíkum langhundum nú á tímum. Það gat verið heppilegt fyrir fimmtíu árum að hafa langhund á prenti, nú vill fólk hlaupa yfir lesmál eins fljótt og hægt er, svo að hægt sé að njóta fleiri fjölmíðla, útvarps og sjónvarps. En ef fólk vill gefa sér tíma til að skoða þessa sýningu, sem nú er á Kjarvalsstöðum, þá er ég ekki í neinum vafa um, að Karl Kvaran á eftir að gleðja margan þann, sem auga hefur fyrir myndlist. Þetta er merkileg sýning, sem er ekki á ferð daglega, notið því tækifærið og skoðið verk eins af okkar fremstu málurum.

Valtýr Pétursson.

Ljósín í bænum

DISCO

frisco



Eitthvað sem enginn lifir án

Ljósín í bænum, Magnús og Jóhann og Helgi Pétursson skemmta í Klúbbnum í kvöld, Stapa föstudagskvöld, Stykkishólmi laugardagskvöld.